

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

til velferðarnefndar

Hagsmunasamtök
Heimilanna



23. ágúst 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 926. mál á 150. löggjafarþingi

Drög að breytingartillögu meirihluta velferðarnefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál (hlutdeildarlán)

Hagsmunasamtök heimilanna gera ekki athugasemdir við umrædd drög að breytingartillögu og telja þær breytingar sem þar koma fram vera til hins betra, þó miklu meira þurfi að koma til svo afurðin verði nægilega góð. Sérstaklega er jákvætt að í samræmi við fyrri umsögn samtakanna sé lagt til að nýting séreignarsparnaðar til að greiða af grunnláni verði ekki kvöð heldur valkostur.

Samtökin harma það hins vegar og gagnrýna harðlega, að í tillögudrögunum sé engin tilraun gerð til að koma til móts þann stóra hóp fólks sem missti húsnæði sitt eftir bankahrunið 2008 og situr nú fast á leigumarkaði gegn vilja sínum. Þegar stjórnvöld lofuðu í tengslum við lífshjálparáttavæðinguna árið 2019 að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkað, var því einnig lofað að gera þeim sem misstu húsnæði vegna hrunsins kleift að komast aftur inn á húsnæðismarkað.

Eins og samtökin röktu ítarlega í fyrri umsögn sinni er ein setning í frumvarpinu um að þeir sem hafi ekki átt húsnæði undanfarin fimm ár geti átt kost á hlutdeildarláni, algjörlega ófullnægjandi. Ástæða þess er sú að flestir í þessum hópi fá einfaldlega engan aðgang að fjármögnun með grunnláni og geta því ekki uppfyllt það skilyrði fyrir hlutdeildarláni, vegna þess að þau eru enn þann dag í dag hundelt af óskilgetnum afkvæmum hrunkanna með innheimtu á gömlu hrunkuldunum og er endalaust haldið á svörtum listum eða vanskilaskrá og þar með í ruslflokki lánshæfismats.

Reyndar eru fjölmörg í þessum hópi sem þurfa alls ekki á hlutdeildarláni að halda, heldur einfaldlega venjulegu húsnæðisláni, sem þau geta ekki fengið þar sem fortíð hrunsins eltir þau eins og skugginn. Fullnaðarafskrift þeirrar grimmu fortíðar og afmáning hennar af vanskilalistum er löngu tímabær því annars mun aldrei gróa um heilt af sárum hrunsins. Samtökin hafa ítrekað bent á lausnir í þessu skyni og jafnvel lagt fram tilbúna útfærslur sumra þeirra, eins og fjallað hefur verið um í fyrri umsögnum. **Það er ófrávíkjanleg krafa samtakanna að þær tillögur verði teknar til greina!**

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is